

Nd.

73. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Aftan við 2. gr. A. I. bætist:

- 32. Hvítá í Borgarfirði hjá Hvítárvöllum.
- 33. Hólkná í Þistilfirði.
- 34. Hafralónsá í Þistilfirði.
- 35. Selá í Vopnafirði.
- 36. Hofsa í Vopnafirði.

2. gr.

Úr 2. gr. A. falli:

Undir staflið I. (Nýjar brýr á þjóðvegum):

- 4. Grimsá í Borgarfirði.
- 5. Reykholtisdalsá.
- 6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.

Undir staflið II. (Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum):

- 2. Flóká.
- 11. Gilsá í Jökuldal.
- 12. Rjúkandi í Jökuldal.
- 13. Teigá í Jökuldal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Greinargerð.

Frumvarp alveg samhljóða þessu var borið fram af stjórnarinnar hendi á síðasta Alþingi, með því að það stóð í nánu sambandi við frumvarp til nýrra vegalaga, er þá var samtímis lagt fyrir þingið og náði samþykki þess. En frumvarp þetta dagaði uppi.

Um leið og vísað er til greinargerðarinnar við frv. í fyrra (Alþt. 1924, A. bls. 128—129), skal þess getið, að nefndin ber þetta frv. fram eftir tilmælum samgöngumálaráðherra.